

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis Drangahrauns og Skútahrauns, lóðarstækkun Hólshrauns 9.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 3. febrúar 2021 breytt deiliskipulag iðnaðarsvæðis Drangahrauns og Skútahrauns vegna lóðarstækkunar að Hólshrauni 9.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Skarðshlið, 3. áfangi. Stuðlaskarð 8, 10 og 12.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum 4. maí 2021 breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga. Breytingin nær til lóðanna við Stuðlaskarð 8-12.

Í breytingunni felst að fyrirhuguð hús verða einnar hæðar með fjórum íbúðum. Heimilt verður að byggja stakstætt hús fyrir hjólageymslu innan byggingarreits. 5-6 bílastæði verða innan lóðar þar af eitt fyrir hreyfihamlaða. Bundin byggingarlína fellur niður. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 17. maí 2021.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Gunnþóra Guðmundsdóttir** arkitekt.